

Efnahagsyfirlit.**Eignir :**

1. Veðskuldabréf	kr. 40 983 756.90	
2. Óinnheimtir vextir	— 1 832 232.00	
3. Skrifstofugögn	— 17 930.00	
4. Innstæða í Seðlabanka Íslands	— 955 248.28	
5. Sjóður hjá féhírði	— 109 850.37	
		<hr/>
		kr. 43 899 017.55
		<hr/>
		Kr. 43 899 017.55

Skuldir :

1. Innstæður vaxtaeigenda:		
a. Aðaldeild	kr. 27 293 810.34	
b. Erfingjarentudeild	— 4 682 630.05	
c. Útborgunardeild	— 8 991 632.89	
		<hr/>
		kr. 40 968 073.28
2. Vextir fyrir 1970 geymdir til útborgunar	— 657 274.00	
3. Varasjóður	— 2 273 670.27	
		<hr/>
		Kr. 43 899 017.55

Reykjavík, 28. febrúar 1971.

Bjarni Guðmundsson.

Jón Skaftason.

Jóna Guðjónsdóttir.

Nr. 148.

18. maí 1972.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 159/1969, um stofnkostnað skóla.****1. gr.**

Aftan við 9. grein bætist:

Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri saman að reisa stærra íþróttahús eða sundlaug en samrýmist áður nefndum reglum um stærðir sala eða lauga og annars rýmis vegna skóla, er nýta eiga íþróttamannvirkið, og er ráðuneytinu þá heimilt að greiða 50% af áætluðum normkostnaði viðbótarrýmis, annars en áhorfendasvæðis og fylgirárymis þess, enda sé stærð sala 14x27 m og laugar 16½x8 m hið minnsta og fylgirárymi samsvarandi.

Þar sem að dómi ráðuneytisins telst rétt að hafa áhorfendasvæði og sérstakt fylgirárymi vegna þess, er því einnig heimilt að greiða 50% af normkostnaði áhorfendasvæðis. Slík heimild skal þó að jafnaði aðeins notuð vegna eins íþróttahúss og einnar sundlaugar innan hvers eðlilegs samgöngusvæðis fyrir íþróttakeppni. Menntamálaráðuneytið skal hafa forgöngu um að koma á samstarfi sveitarfélaga um staðsetningu þessara íþróttahúsa og sundlauga í samráði við landshlutasamtök hlutað-

eigandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn stjórna héraðssambanda ungmenna- og íþróttafélaga í sama landshluta.

Þátttaka ríkissjóðs í stofnbúnaði er miðuð við skólaafnot eingöngu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. maí 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

14. júní 1972.

Nr. 149.

REGLUGERÐ

um landsútsvör banka.

1. gr.

Landsútsvör greiða bankar, það er Seðlabankinn og viðskiptabankar. Undir hugtakið banki falla ekki sjóðir, sem starfa á vegum bankanna, og settir eru á stofn með löggjöf til þess að vinna að verkefni, sem ekki telst til bankastarfsemi.

2. gr.

Landsútsvar bankanna skal vera 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta næstliðið almanaksár.

3. gr.

Með heildarútlánsvöxtum er átt við vexti af hvers konar útlánnum bankanna í innlendum sem erlendum viðskiptum, án tillits til útlánsforma, hvort sem um er að ræða vexti af veittum lánnum, keyptum skuldaskjölum eða verðbréfum frá skuldara eða þriðja aðila, eða vexti af peningum bankanna í ávöxtun hérlandis, t. d. hjá Seðlabankanum, eða erlendis.

4. gr.

Bankabóknun, umsjónarlaun, lántökugjöld og aðrar hliðstæðar greiðslur, sem bankar taka samkvæmt lögum á grundvelli gjaldskrár bankanna eða samkvæmt hefð, teljast ekki til vaxta skv. 3. gr. Þó skal viðskiptagjald (nú 3%) af yfirdrætti á reikningslánnum og hlaupareikningum teljast með til útlánsvaxta skv. greininni.

Hvers konar afföll af skuldaskjölum, sem bankarnir reikna sér, teljast til útlánsvaxta, skv. 3. gr.

5. gr.

Undir heildarinnlánsvexti falla hvers konar vaxtagjöld, sem bankarnir inna af höndum fyrir fé, sem þeir fá til ráðstöfunar eða þeim berst, í hvaða formi sem er, í innlendum eða erlendum skiptum. Falla hér m. a. undir vaxtagjöld, sem bankarnir greiða til Seðlabankans eða til erlendra viðskiptamanna. Vexti af eigin fé ber þó ekki að telja til innlánsvaxta.

6. gr.

Við framtal og álagningu landsútsvarsins skal leggja heildarbókhald bankanna til grundvallar, en ekki miða við einstök útibú þeirra.